

EGN100

IS

Fjölvirkur tímarofi Einnar rásar Bluetooth®



Viðbótarupplýsingar eru fáanlegar með því að skanna QR-kóðann.



- Hitastig kúluprófs: 75 °C
- Stærð varbúnaðar: 10 A sjálfvar
- Uppgefin spenna og straumur fyrir prófun á rafsegulsamhæfi: 230 V~ / - 0,5 A
- Verndarflokkur: IP20 (hylki), IP30 (hylki undir framhlíf)
- Höggþol: IK04

Rafhlaða

- Varaafgjafi: 10 ár
- Óútskipanleg og óendurhlaðanleg

Hylki

- Mælividdir: 18 mm / 1 eining
- Sjálfstætt ísett DIN-rekka tæki samkvæmt EN 60715

Umhverfi

- Vinnsluhitastig -5 °C til +45 °C
- Geymsluhitastig -25 °C til +70 °C
- Rakastig: 95 % við 20 °C
- Mengunarflokkur 2

Tenging með skrufutengi

- Einþætt 0,2 til 4 mm²
- Finþætt 0,2 til 2,5 mm²
- Skrufutegund: PH1



- Tæki skal aðeins vera uppsett af viðurkenndum rafvirkja.
- Hentar ekki til stýringar á SELV álagi (álag undir 50V AC RMS).



Áður en snjalltæki er tengt, eða áður en framkvæmdar eru nokkrar aðgerðir skal rjúfa 230 V aflgjafann til klukkunnar.

Uppsetning

BLUETOOTH



Tækið má ekki vera í „Quicklink“ grunnstillingaham.

Til að forrita og stilla klukkuna með snjalltæki verður að virkja Bluetooth®. Í hvert sinn sem ýtt er á BLE takkann (> 2 s) er aðgerðin virkjuð eða afvirkjuð.

BLE	LED-ljós / virkni
	slökkt Bluetooth® óvirkt
	Bluetooth® virkt
	Bluetooth® virkt og tengt

Mynd 3: Virkni og staða LED-ljósa

GRUNNSTILLINGARFORRIT

Til að stilla klukkuna skal nota forritið og framkvæma uppsetninguna eins og lýst er að neðan.

1. Fáðu beinan aðgang að niðurhalsstengli forritsins með því að skanna **QR-kóðann**, sem prentaður er í leiðbeiningarnar.
2. Settu upp grunnstillingarforritið.
3. Athugaðu að Bluetooth® sé virkt (sjá **Upphafleg uppsetning / BLUETOOTH**).
4. Paraðu snjalltækið við klukkuna í gegnum Bluetooth® forritið.
5. Forritaðu tækið í gegnum grunnstillingarforritið. Til að gera þetta skaltu fara eftir leiðbeiningum forritsins til að grunnstilla klukkuna.

Stillingar í gegnum grunnstillingarforritið:

- Stillingar til notkunar með klukkunnar eru tiltækar í gegnum forritið sem stillingar á:
- dagsetningu og tíma;
 - sólúr;
 - fasttengdu inntaki;
 - sumartímabreytingu;
 - ljósnema.


Kynning á búnaði

EGN100 tímarofinn er klukka með vikulegri og árlegri forritun sem stjórnar mismunandi álagi á sjálfvirkan hátt.

Dæmi um notkun: Götulýsing, ljóskaskilti, verslunargluggar, minnismerki, o.s.frv. Innbyggt sólúr sem hægt er að stilla til að breyta álaginu eftir tíma sólseturs og sólarupprásar. EGN100 rofinn er einnig samhæfur við Hager Quicklink vörulínuna.

Tenging EEN002 / EEN003 ljósnema (valfrjálst) gerir það mögulegt að breyta álaginu eftir birtustigi. Forritun er framkvæmd með snjalltæki í gegnum Bluetooth® tækni með grunnstillingarforritinu (iOS eða Android) sem hægt er að sækja gjaldfrjálst.

Takkarnir



C1/FCT (takki og LED-ljós) notað fyrir:

- úttaksstýringu,
- forritun notkunarstillingar fjarskiptæiningar,
- Endurstilling Bluetooth®.

BLE/CFG (takki og LED-ljós) notað fyrir:


- Virkjun og afvirkjun Bluetooth® (BLE),
- Stilling fjarskiptæiningar,
- Endurstillingu breyta og fjarskiptæiningar.

Mynd 1: Sýnir takkana

Helstu eiginleikar

- Tæki afhent með upp færðum tíma og degi (GMT+1).
- Forritun með grunnstillingarforriti í gegnum Bluetooth® tækni:
 - sjálfvirk sumartímabreyting;
 - sólúr stilling;
 - forritun eftir dag eða dagahópum;
 - 100 forritunarskref On (á), Off (af), púlsar $\square$.
- Varanleg hnækking On (á) eða Off (af).
- Tímabundin hnækking On (á) eða Off (af).
- Undantekningar (tímabundnar, varanlegar eða seinkaðar) er hægt að virkja með fjartengingu með því að ýta á hnapp.
- Ljósnæm stýring í gegnum EEN002 eða EEN003 víraðan birtuskynjara.

Raflagnateikning



Mynd 2: EGN100 raflagnateikning (1 úttak)

Tæknilysing

Rafmagnsupplýsingar

- Fæðispenna: 230 V~ +10/-15% og 240 V~ ± 6%
- Tíðni: 50/60 Hz
- Orkunotkun: < 170 mW
- Úttak: 1 víxlnerta
- Hámarks rofgeta: AC1 µ 10A 230 V~
- Glóðarperur:
 - Afliði með opna snertu(NO)/2300 W
 - Afliði með lokaða snertu(NC)/1500 W
- Halógenperur: 230 V~ 2300 W
- Flúrperur, með jöfnun // (hámark 45 µF):
 - Afliði með opna snertu(NO)/400 W
 - Afliði með lokaða snertu(NC)/300 W
- Flúrperur, án jöfnunar, raðtengijöfnun: 1000 W
- Lítill flúrljós og LED-ljós:
 - Afliði með opna snertu(NO)/400 W
 - Afliði með lokaða snertu(NC)/300 W
- Lágmarks rofgeta: AC1 100 mA 230 V~
- Málhöggspenna: 4 kV
- Hámarks skiptihraði við fullt álag: 6 skiptilotur/mínútu

Aðgerðaeiginleikar

- Forritunargeta: 100 skref
- Lágmi.tími milli tveggja skrefa: Ein mínúta
- Notkunarnákvæmni: ± 0,25 s/dag
- Bluetooth® tíðnisvið: 2,4 - 2,483 GHz
 - Hámarkssendistyrkur: 10 mW
 - Drægni: 10 m í opnu rými
 - Útgáfa: 4.2
- Kröfur fyrir snjalltæki/tölvu
 - iOS útgáfa jöfn eða hærri en 8
 - Android útgáfa jöfn eða hærri en 5.1
 - Windows útgáfa jöfn eða hærri en 10
 - Bluetooth®: Útgáfa jöfn eða hærri en 4.2
- Quicklink tíðnisvið: 868 - 870 MHz
 - Hámarkssendistyrkur: 25 mW
 - Móttakari flokkur 2
 - Drægni: 100 m í opnu rými
- Einangrunarflokkur: 2
- Aðgerðategund: 2B
- Hugbúnaðarflokkur: Flokkur A

LED-ljós - inngrip - undantekning



- Aftengja verður Bluetooth®.
- Tækið má ekki vera í „Quicklink“ stillingarham.

Í hvert sinn sem ýtt er stutt á **C1** takkann, breytist úttaksstaðan samkvæmt eftirfarandi hringrás:

C1	LED-ljós / virkni
	slökkt
	„OFF“ / „“ undantekning þegar úttak er OFF (af) með tilliti til núverandi forrits; farið verður tilbaka í sjálfvirka stillingu í næsta forritsskrefi.
	OFF (af) inngripsaðgerðin þvingar úttak strax í OFF (af) stöðu. Ekki er tekið tillit til neinnar annarrar skipunar með lágan forgang ef inngripið er virk. Aðrar skipanir eru aðeins aftur heimilær ef hætt er við inngripið eða með handvirkri skipun í gegnum stýringar framhliðar.
	Handvirkir þegar úttak er OFF (af) (skipun aðeins tiltæk ef tækið hefur FCT hnapp).
	„ON“ / „“ undantekning þegar úttak er ON (af) með tilliti til núverandi forrits; farið verður tilbaka í sjálfvirka stillingu í næsta forritsskrefi.
	Inngrip þegar úttak er ON (á) (varanleg skipun): Inngripsaðgerðin ON (á) þvingar úttak strax í ON (á) stöðu. Ekki er tekið tillit til neinna annarra skipana ef inngrip er virk. Aðrar skipanir verða aðeins heimilær aftur ef hætt er við inngripið.
	Handvirkir þegar úttak er ON (af) (skipun aðeins tiltæk ef tækið hefur FCT hnapp).

Mynd 4: Virkni og staða LED-ljósa



Forgangur:
Handvirk stilling > Inngrip > Undantekning

Grunnstilling / „Quicklink“

GRUNNSTILLING AÐGERÐA

Fjarskiptæiningin er notuð til að tengja klukkuúttakið (móttakara) við eitt eða fleiri Quicklink tæki (10 x sendar hámark).



Aftengja þarf Bluetooth®.

Til að tengja comfort tæki (sendi) skal fylgja skrefunum að neðan:

- Byrjaðu uppsetningarferli á sendinum með því að ýta stutt á **CFG** hnappinn.
 - Það kviknar á **CFG** LED-ljósi sendisins (rautt).
 - Það kviknar á **CFG** LED-ljósi móttakarans (klukku) (rautt).
- Veldu inntakið eða hnapp til að stilla frá sendinum.
 - Það blikkar á **CFG** LED-ljósinu á sendinum í 1 s (rautt).
- Veldu aðgerðina sem á að stilla á móttakaranum með því að ýta stutt á takkann **FCT** á klukkunni.
 - Það kviknar á **FCT** LED-ljósinu á móttakaranum (klukku) (staða og litur LED-ljóssins gefa til kynna aðgerðina sem valin er; fyrir frekari upplýsingar um LED aðgerðir og tengda liti, sjá **Quicklink grunnstillinguna með því að skanna QR-kóðann**).
- Staðfestu aðgerðina sem valin er á móttakaranum með því að ýta á takkann (ýta > 2 s) **FCT** á klukkunni þar til **CFG** LED-ljósið blikkar (rautt).
 - Aðgerðin sem auðkennd er með litnum á **FCT** LED-ljósinu er virk á móttakaranum (klukku).
- Staðfestu grunnstillingu sendisins með því að ýta stutt á **CFG** hnappinn.
 - Það slokknar á **CFG** LED-ljósi sendisins.
 - Það slokknar á **CFG** LED-ljósi klukkunnar (móttakara).

AÐGERÐ EYTT

Fylgdu sömu skrefum og lýst er í kaflanum á undan **grunnstilling aðgerða** nema í skrefi 3 skaltu velja aðgerðina „delete“ (**eyða**) og staðfesta hana síðan.

Takkalás



Tækið má ekki vera í „Quicklink“ grunnstillingaham.

Aðgerðina til að læsa/aflesa tökkum má nálgast í gegnum grunnstillingarforritið eða staðbundið á klukkunni með tökkunum **BLE/CFG** og **C1/FCT** (Bluetooth® verður að vera aftengt). Til að virkja eða afvirkja þessa aðgerð staðbundið skaltu ýta samtímis á báða takkana (> 2 s), **CFG + FCT**, (þæði LED-ljós munu blikka hratt þar til sleppt er).



Tíminn sem ýtt er á báða takkana **CFG + FCT** má ekki vera > 10 s; annars gætu stillingar tækisins og forrit eyðst (sjá endurstilling).

Endurstilla



Tækið má ekki vera í „Quicklink“ grunnstillingaham.

Endurstilling er aðgengileg í gegnum grunnstillingarforritið eða staðbundið á klukkunni með tökkunum **BLE/CFG** og **C1/FCT** (Bluetooth® verður að vera aftengt).

- Til að endurstilla Bluetooth® stillingarar (uppsetningartakki), skaltu ýta og halda takkanum (> 10 s) **FCT** þar til LED-ljósið blikkar. Aðrar stillingar og forrit varðveitast.
- Til að endurstilla „Quicklink“ fjarskiptatíðnistillingar og einingar til verksmiðjustillinga skaltu ýta og halda takkanum (> 10 s) **CFG** þar til LED-ljósið blikkar. Stillingar tækisins varðveitast.
- Til að endurstilla stillingar tækisins og forrit til verksmiðjustillinga skaltu ýta samtímis á báða takkana (> 10 s), **CFG + FCT**, (þæði LED-ljós munu blikka hratt þar til sleppt er). „Bluetooth®“- og fjarskiptatíðnistillingar og einingar munu varðveitast.

Uppfæra

Hugbúnaður klukkunnar er uppfærður í gegnum grunnstillingarforritið. Ný „útgáfa“ af hugbúnaði klukkunnar er lögð til þegar:

- forritið er ræst á snjalltæki þínu;
- snjalltækið og klukkan eru tengd í gegnum Bluetooth®.

Hager Controls lýsa hér með yfir að þessi EGN100 tímarofi og fjarskiptabúnaður samræmist nauðsynlegum kröfum og öðrum viðeigandi ákvæðum tilskipunar 2014/53/ESB.

EU-yfirlýsinguna má finna á vefsíðunni:
www.hager.com



Hvernig farga skal tækinu (úrgangur rafmagns- og rafeindabúnaðar). (Gildir í Evrópusambandinu og öðrum Evrópuríkjum með aðskildum söfnunarkerfum). Þetta tákn á tækinu eða skjölum þess gefur til kynna því skuli ekki farga við lok endingartíma síns með öðrum heimilisúrgangi. Þar sem eftirlitslaus förgun úrgangs getur verið skaðleg fyrir umhverfið eða heilsu manna skal aðskilja hann frá öðrum tegundum úrgangs og endurvinnna á ábyrgan hátt. Þetta gerir kleift að endurnýja efnislegar auðlindir á sjálfbæran hátt. Einstaklingar geta haft samband við dreifingaraðilann sem seldi tækið eða gert fyrirspurn til bæjaryfirvalda um hvar og hvernig þeir geti fargað þessu tæki þannig að það sé endurunnið á umhverfisvænan hátt. Fyrirtæki geta haft samband við birgja sína til að fá upplýsingar um skilyrði sölusamnings þeirra. Ekki skal blanda þessari vöru við förgun annars verslunarúrgangs.

Má nota hvar sem er í Evrópu og Sviss

Bluetooth® orðmerkið og lógó eru skráð vörumerki í eigu Bluetooth SIG, Inc. og öll notkun slíkra merkja af Hager er samkvæmt leyfi. Önnur vörumerki og vöruheiti eru eign viðkomandi eigenda.